

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi Búrfellsvirkjunar.

Í breytingunni felst meðal annars minniháttar breyting á legu aðrennslisganga og staðsetningu munna aðkomuganga og gert er ráð fyrir nýrri staðsetningu sprengiefnageymslu og gerð grein fyrir staðsetningu vatnstanka í Sámsstaðaklifi.

Einnig er gerð breyting á stærð iðnaðarlóða og staðsetningu mannvirkja.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. apríl 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. apríl 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 14. apríl 2016